

67 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð
26. septbr. sýslumannshjónanna frá Sauðafelli, útgefin á venjulegan hátt að
mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. septbr. 1927. Skipu-
lagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Líknarsjóð sýslumannshjónanna frá Sauðafelli“.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjöfum frá einstökum mönnum í Miðdalahreppi í Dalasýslu, til minningar um sýslumannshjónin á Sauðafelli, Guðnýju og Björn Bjarnarson. Stofnfje sjóðsins er 870 krónur.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera æfinleg eign Miðdalahrepps.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga í hreppnum, sem ekki eru á sveit, einkum þá, sem þurfa að leita sjer lækninga út úr hjeradinu.

4. gr.

Verja má alt að hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrkveitinga, samkvæmt því sem segir í 3. grein. Höfuðstólinn má aldrei skerða og skulu hálfir vextir ávalt leggjast við hann.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í sparissjóði Dalasýslu eða á öðrum jafntryggum stað.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sjálfkjörnir í stjórnina eru sóknarpresturinn í Suðurdalapingum og oddviti Miðdalahrepps, en þriðji maður skal kosinn af hreppsþúum á vorhreppaskilum til 6 ára í senn.

7. gr.

Stjórnarnefnd annast styrkveitingar úr sjóðnum og annað honum viðkomandi. Hún skal halda gjörðabók, er hún ritar í styrkveitingar og aðrar framkvæmdir sínar í þágu sjóðsins. Hún gerir jafnaðar-

reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins ár hvert og sendir hlutaðeigandi sýslunefnd þá til athugunar og samþykta. **67**
26. septbr.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd stofnenda sjóðsins.

Stóra-Skógi, 4. febr. 1927.

Ólafur Jóhannesson
bóndi Stóra-Skógi.

Jón Guðnason
prestur á Kvennabrekku.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- **68**
sjóð Sigurðar Jónssonar frá Ystafelli, útgefin á venjulegan hátt ad^{29. septbr.}
mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. september 1927. Skipu-
lagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Sigurðar Jónssonar frá Ystafelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Sigurðar Jónssonar frá Ystafelli“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum sveitungum og samverkamönnum Sigurðar Jónssonar til minningar um vel unnið æfistarf í þágu Ljósavatnshrepps og alls hjeraðsins. Stofnfje sjóðsins er kr. 600,00. Auk þess hefir Kaupfjelag Þingeyinga lagt fram til sjóðsstofnunarinnar kr. 2500,00.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir hans og gjafir þær, er honum kunna að berast.

4. gr.

Starfssvið sjóðsins er Suður-Þingeyjarsýsla.